


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	ÍSL9S36	Kennsluáætlun Haustönn 2013
Síða 1 af 2		

Kennari	Svanhildur Daníelsdóttir	Sk.st.	SVA
----------------	--------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Lögð er áhersla á fjölbreytta umfjöllun um íslenskt mál, einkum lestur og lesskilning en einnig ritun, málfræði og stafsetningu. Staða nemenda í lestri og lesskilningi er könnuð og leitað leiða til úrbóta fyrir þá sem þess þurfa. Nemendur læra undirstöðuatriði í ritgerðasmíð og vinna ritgerð upp úr smásögu. Farið í grunnatriði framsagnar og flutnings og þessi atriði æfð á textum nemenda sjálfra og annarra.

Markmið:


- að þjálfra og auka færni nemenda í lestri, lesskilningi og tjáningu
- að þjálfra og auka færni nemenda í ritun, stafsetningu og málfræði

Námsgögn:

- 1) **ÍSL 193 LES- OG VINNUHEFTI**, útg. VMA haust 2011. Heftið er gefið út og selt á skrifstofu VMA. Vinnumappa til að safna í skriflegum verkefnum fylgir heftinu.
- 2) **Strákarnir með strípurnar** eftir Ingibjörgu Reynisdóttur og Lovísu Rós Þórðardóttur, (bókina þarf að kaupa í bókabúð).
- 3) **Stílabók A4** með línustrikuðum götuðum blöðum sem hægt er að rífa úr, einnig blýant/skrúfblýant, penna og yfirstrikunarpenna.

Áætlun um yfirferð og verkefni:

Vika	Námsefni	Verkefni
34-35	Kynning á áfanganum þ.e. fyrirkomulagi kennslunnar, vinnureglum í kennslustundum, heimavinnu og námsmati. Staða nemenda í lestri, lesskilningi og stafsetningu könnuð	-samræður -sjálfsmatsblöð kynnt -stutt skrifleg og munnleg verkefni
36-42	Áhersla á lestrarþjálfun, lesskilning, stafsetningu og ritun. Verkefni unnin í Les- og vinnuheftinu bls. 1-37. Ritun stuttra frásagna frá líðandi stund, s.s. nýnemaferðin, ég sjálf/ur og fl. Almenn málfræði; s.s. sagnir, fallbeyging og sérkenni orðflokka,	-lestur einstaklings í hljóði -samlestur í hóp -skrifleg og munnleg verkefni byggð á les- og vinnuheftinu -miðannarkönnun í viku 40 -sjálfsmat í hverri viku -skil á vinnuhefti í viku 40.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	ÍSL9S36	Kennsluáætlun Haustönn 2013

	greinir o.fl. Verkefni unnin í Les- og vinnuhefti bls. 38-74. Bragfræði - helstu þættir bragfræðinnar, s.s. rím, hrynjandi og ljóðstafi, hefðbundin og óhefðbundin ljóð. Unnið í Les og vinnuhefti bls. 75-79. Nemendur hefja lestur á sögunni Strákarnir með strípurnar (í viku 36).	
43-49	Tjáning, upplestur og ræðumennska. Unnið í Les og vinnuhefti bls. 80-103. Bókmenntir, ljóð og ritgerðasmíð. Unnið í Les- og vinnuhefti bls. 104-118. Unnið með bókina Strákarnir með strípurnar.	-upplestur frá ræðupúlti -skrifleg og munnleg verkefni byggð á les- og vinnuheftinu -ritgerð úr Strákarnir...skil í 47. viku -lokakönnun í 47. viku -sjálfsmat í hverri viku -skil á vinnuhefti í 47. viku

Námsmat og vægi námsþátta: Áfanginn er próflaus símatsáfangi. Einkunn í tölum er gefin við annarlok og byggist á eftirfarandi:

Vinnuheftið	20%
Nokkur munnleg og skrifleg verkefni, byggð á les- og vinnuheftinu	10%
Miðannar- og lokakönnun (15 + 15 %)	30%
Ritsmíðar og frásagnir	10%
Tvö krossapróf úr strákarnir með strípurnar	10%
Ritgerð, strákarnir með strípurnar	10%
Ástundun, þ.e. mætingar, vinnusemi námsgögn og verkefnaskil	10%

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils